

# SKÝRSLA FERÐANEFNDAR KAYAKKLÚBBSINS ÁRIÐ 2016

Ferðanefnd 2016 var skipuð: Andra Þór Arinbjörnssyni, Bjarna Kristinssyni, Páli Reynissyni, Gunnari Inga Gunnarssyni, Guðna Páli Viktorssyni, Lárusi Guðmundssyni, S.Perlu Thorsteinson, Örlygi Sigurjónssyni, Ólafíu Aðalsteinsdóttur og undirritaðri Hildi Einarsdóttur

Hlutverk ferðanefndar er að koma með tillögur að ferðum, finna umsjónarmenn ferða og kynna þær. Umsjónarmaður skipuleggur ferðina, fær nauðsynlega leyfi, t.d. þegar þarf að fara um einkalönd og fá leyfi til að setja upp tjaldbúðir. Gengið er út frá því að hver nefndarmaður taki að minnsta kosti að þér að skipuleggja eina ferð.

Einn nefndarfundur voru haldinn í janúar þar sem ferðir sumarsins voru teiknaðar upp. Reynt var að teikna upp raunhæft ferðaplan og var bætt við nýjum lið sem kallaður var „róið út í hægán vind“ og var ætlunin að blásið yrði til kvöldróðra á höfðuborgarsvæðinu með stuttum fyrirvara, þegar veðurspá væri hagstæð. Þetta gekk nú ekki alveg að þessu sinni, en kannski verður sumarið lengra næsta ár ☺. Þó bætti Örlygur við fyrirhugaða dagskrá, næturróðrum á haustdögum. Ferðaáætlun gekk vel eftir og var aðeins hætt við tvo viðburði þetta ár. Veðrið var líka frekar hagstætt, þó helgarferð á Snæfellsnesið, var á síðustu stundu frestað um eina helgi, vegna óhagstæðrar veðurspár. Breiðarfjarðarferðin heldur sessi sínum sem hápunktur ferðasumarsins hjá klúbbfélögum og er nokkuð ljóst að hún er komin til að vera og margir klúbbmeðlimir farnir að ganga að ferðinni vísri á annarri helgi ágústmánaðar ár hvert. Aðrir atburðir hafa líka orðnir sinn fasta sess, svo sem hörpuróður, straumkayakferðir í Hvítá og næturróðrasería Örlygs.

Eitt

Myndirnar í skýrslunni er teknar af:

Þormari, Sveini Muller, Guðna Páli, Jónasi, Sævar

Ég þakka ferðanefnd samstarfið og ræðurum samveruna.

F.h. ferðanefndar

Hildur Einarsdóttir

## Áætlaðar ferðir

### apríl

staðsetning	gerð ferðar	umsjónarmaður	dagsetning
-------------	-------------	---------------	------------

Sundin	Næturróður	Örlygur	miðvikud. 13
--------	------------	---------	--------------

**Lýsing:** Framhald á næturróðrarseríu klúbbsins 2015  
Valin 10 km róðrarlykkja á sundunum. Mæting í Geldinganes kl. 20.30 og róíð inn í undraveröld rökkurs á reykvísku vorkveldi. Róðrarhraða stillt í hóf, kaffistopp verður ekki tekið, en þátttakendur hafi meðferðis orkukubba í vestisvasa og róðrarflösku á bátsdekki. Ljós og endurskinsmerki sömuleiðis æskileg.

Sundin	nætur.+tjald	Örlygur	föstud.15 – laugard.16
--------	--------------	---------	------------------------

**Lýsing:** Útilega. Róið verður í Engey eða Akurey og gist þar í tjöldum. Að morgni laugardags verður sameinast félagsróðri. Allur viðlegubúnaður skal tekinn með, prímus, svefnpoki, aukaföt o.s.frv. Mæting í Geldinganesi kl. 21 á föstudagskvöld.

### maí

Reykjanesskagi	dagsferð	Guðni Páll	laugard.14
----------------	----------	------------	------------

**Lýsing:** Planið er að fara frá Stóru- Sandvík að Golfvöllinum í Grindavík sem eru um 20 km róður með einu stoppi.

Hvítá - straumkayak	dagsferð	Andri	laugard.21
---------------------	----------	-------	------------

**Lýsing:** Það er löngu komin hefð fyrir að fara bunu niður Hvítánnu, seinni hlutann í maí. Eins og áður er sjókeyak fólk hvatt til að stíga út fyrir þægindarammann og skella sér með. Þeir sem að treysta sér til geta farið frá veiðistaðnum en byrjendum er ráðlagt að fara frá Brúarhlöðum þar sem hópurinn mun sameinast. Kayakklúbburinn getur útvegað eitthvað af straumkayökum sem verður útdeilt á skráða þátttakendur. Hittumst á Drumboddsstöðum kl 10:00

### júní

Hörpuróður	dagsferð	Bjarni	sunnud.5
------------	----------	--------	----------

**Lýsing:** Hinn árlegi Hörpuróður verður á Sjómannadaginn. Róið er frá Skarfakletti, með ströndinni inn í Reykjavíkurböfn. Í þessari ferð er hefð fyrir kaffistoppi áður en róíð er til baka.

Reykjanes,Hafnir-Sandvík	dagsferð	Gunnar Ingi	laugard.14
--------------------------	----------	-------------	------------

**Lýsing:**

Jónsmessuróður	kvöldróður	Ólafía	föstud.24
----------------	------------	--------	-----------

**Lýsing:** Róður inn í nóttina í nágrenni Reykjavíkur

## júlí

<b>Snæfellsnes</b>	helgarferð	Hildur	föstud.8-sunnud.10
<b>Lýsing:</b> Þeir sem kjósa geta mætt á föstudagskvöldið að Arnarstapa þar sem er gott tjaldsvæði. Ætlunin er að róa dagsróðra laugardag og sunnudag í þessu undurfagra umhverfi Arnarstapa og nágrenni. Erfiðleikastig: 2/3 árar, þar sem svæðið er klettótt og oft langt milli landtökustaða.			

## ágúst

<b>Breiðafjörður</b>	helgarferð	Guðni Páll og Lárus	föstud.5-sunnud.7
<b>Lýsing:</b> Ferðin hefst seinnipart föstudags, róíð verður í Akureyjar þar sem tjaldað verður til tveggja náttu, laugardag verður róíð um Akureyjar og nálægar eyjar skoðaðar. Athugið að þetta getur orðið nokkuð krefjandi róður sjá hæfniskröfur klúbbsins hér að neðan:			

<b>Eyjahopp á sundunum</b>	dagsferð	Perla	sunnud. 28
<b>Lýsing:</b> Lagt verður í hann frá Geldingarnesi kl.10:00 (mæting 9:30). Róið suður fyrir Viðey, yfir í Engey þar sem tekið verður kaffistopp. Akurey hringuð og þaðan beint yfir á Gróttu sem er endastöð að þessu sinni. Möguleiki er á að koma inn í eða fara úr ferðinni við Skarfagarða (Viðey) og Eyjaslóð (Grandi/Engey). Gert er ráð fyrir ca.4-5 klukkutímum í þessa ferð. Þá er einnig inni í myndinni að róa tilbaka fyrir þá sem ekki hafa fengið nóg.			

## september

<b>Akranes</b>	dagsferð	Gunnar Ingi	laugard.10
<b>Lýsing:</b>			

<b>Sundin</b>	gisting	Örlygur	föstud.23-laugard.24
<b>Lýsing:</b>			

Til viðbótar við fyrirhugaða dagskrá bættust við næturróðrar eftir sumarið, sem voru í umsjón Örlygs:

Fimmta næturróðrarsería klúbbsins hefur göngu sína þann 15. september og samanstendur hún af þremur róðrum, þar af einni útilegu í lokin.

Dagskráin er eftirfarandi:

Næturróður I: 15. sept.: Framhald á næturróðrarseríu klúbbsins 2016. Mæting er við Geldinganes kl. 20.30 og róinn 10 km hringur.

Næturróður II: 22. sept.: Mæting er við Geldinganes kl. 20.30 og róinn 12 km hringur.

Næturróður III: Tjaldferð, róíð verður út í Akurey og gist þar. Aðrar eyjur til vara, eftir aðstæðum. Að morgni verður sameinast félagsróðri. Mæting er í Geldinganesi fyrir tjaldferðina, föstudag 30. sept kl. 21.30. Munið viðlegubúnað og allt sem þarf.

### Ferðir sem féllu niður

staðsetning	gerð ferðar	umsjónarmaður	Dagsetning
Reykjanes	dagsferð	Gunnar Ingi	laugard.11.júní
Akranes	dagsferð	Gunnar Ingi	Laugard. 10.júní

### Ferðalýsingar

Sundin	Örlygur	Næturróðrarsería
--------	---------	------------------



Ferðanefnd efndi til Næturróðrarseríu á vori 2016. Róðrardagar voru 2 og mætingar 11. Seinni róðrardaginn, þann 15. apríl, var róíð í Akurey og gist. "Var þetta tveggja tíma róður frá Geldinganesi. Þokkalegasta sjólag mestanpart, en þyngri sjór vestan Engeyjar aukinheldur sem skyggni var með minna móti. Veðurguð hafði velpókun á þessu uppátæki með því að láta ekki byrja að rigna fyrr en allir höfðu komið tjaldi yfir höfuðið," sagði í róðrarskýrslu. Gaman að þessu. Nefndin efndi einnig til næturróðrarseríu á hausti 2016. Mætingar voru 13 og sjö þátttakendur á bak við þær. Þrjú róðrar voru farnir í seríunni, allir í septembermánuði, þar af gist í Akurey í þeim síðasta. Samsagt, tvær næturróðrarseríur á því herrans ári 2016 sem samanstóðu af fimm næturróðrum. Fyrsta næturróðrarserían var farin haustið 2014 og hefur þetta verið fastur liður í starfsemi ferðanefndar æ síðan.

Örlygur Sigurjónss

<b>Reykjanes</b>	<b>dagsferð</b>	<b>Guðni Páll</b>	<b>Þriðjud.14.maí</b>
------------------	-----------------	-------------------	-----------------------



Það voru sex eld hressir ræðarar sem mættu til leik kl 11:00 í Stóru-Sandvík og var áætlað að róa þaðan að golfvellinum í Grindavík (Staðarhverfi)

En veðurspá hafði lofa okkur eins góðu veðri og hægt væri að fá á þessum slóðum og vitið menn hún reyndist rétt og fengum við flott veður allan tímann, sjólagið var heldur meira en við áttum von á en ég hugsa að það hafi verið um 1 meter en endurkastið gerði það aðeins erfiðara. En við tókum gott kaffistopp í landi beint á móti Karli. Þar hittum við hana Hildi sem er formaður ferðanefndar sem ætlaði að fylgjast með okkur á meðan róðri stóð. Þaðan lá svo leið okkur eftir Reykjanesinu að Golfvellinum í Grindavík. Það gerðist nú ekki mikið í þessari ferð en það er alltaf ánægjulegt að róa þetta svæði. Mikið af sjá og skemmtilegar aðstæður oft á tíðum.

Þeir sem tóku þátt í þessari ferð voru  
Lárus, Gunnar, Svenni, Smári, Vigfús, Guðni

Myndir: [picasaweb.google.com/111078593680055081829/6284908883465135185](https://picasaweb.google.com/111078593680055081829/6284908883465135185)

Guðni Páll

<b>Hvítá</b>	<b>dagsferð</b>	<b>Andri</b>	<b>Laugard.21.maí</b>
--------------	-----------------	--------------	-----------------------



Kayakklúbburinn hélt í hefðina og stóð fyrir nýliðaferð í Hvítá. Hvítárferðin 2016 var alveg frábær og í hópi þátttakenda voru vanir og óvanir, sjókayakfólk og straumkayakfólk. Þeir sem mættu voru Andri, Tómas, Örn, Helga, Sveinn Axel, Martin, Martina og Aino. Hópurinn réri allur frá Veiðistað í björtu og góðu veðri með vindinn í bakið. Farartækin voru hefðbundnir straumkayakar, tveggja manna straumkayak og uppblásin kanó. Einhverjir voru að róa í straumvatni í fyrsta skipti en voru fljótir að ná góðum tókum á aðstæðunum. Þegar við vorum búin að róa Hvítánnu skelltu þrír sér niður Faxa

meðan stór hópur áhorfenda fylgdist með. Eins og alltaf fengum við frábærar móttökur á Drumboddsstöðum og fær starfsfólkið þar bestu þakkir fyrir. Myndir: [drive.google.com/folderview?id=0ByBKVuXs...HhIVXM&usp=drive\\_web](https://drive.google.com/folderview?id=0ByBKVuXs...HhIVXM&usp=drive_web)  
Andri

<b>Hörpuróður</b>	dagsferð	Bjarni	Sunnud.7.júní
-------------------	----------	--------	---------------



Hinn árlegi Hörpuróður var á Sjómannadaginn, 5.júní. Sex reru og Sævar tók myndir. Hægur andvari var af landi í byrjun, en nánast áttleysis í lokin. Þetta var feykivel mannaður róður og toppfólk í hverjum keip: Helga, Daníel, Guðni Páll, Ingi, Örlygur og Bjarni. Helgi og Örlygur reru úr Geldinganesinu og enduðu þar líka ásamt þeim Guðna Páli og Inga, en Bjarni og Daníel höfðu sandfjöruna við Skarfaklett í báða enda.

Myndir Sævars eru á: [plus.google.com/photos/11326675796839424.../6292800086391300033](https://plus.google.com/photos/11326675796839424.../6292800086391300033)  
Bjarni

<b>Jónsmessuróður</b>	kvöldróður	Ólafía	föstud.24
-----------------------	------------	--------	-----------

Jónsmessuróðurinn 24. Júní var vel lukkaður að vanda.



Mættir voru 12 ræðarar sem lögðu frá landi upp úr kl. 20.00.

Í hópnum voru bæði félagsmenn, hoknir af reynslu og svo voru nokkrir ræðarar sem voru nánast að stíga um borð í bátinn sinn í fyrsta sinn.

Róið var rúmlega 10 km leið frá aðstöðu Sviða við Skógartjörn á Álftanesi, fyrir nesið og inn í Seyluna, en það er víkin sem Bessastaðir standa við og til baka. Skemmtileg leið og gaman að horfa til borgarinnar frá öðru sjónarhorni en vanalega. Við Seyluna tók formaður ferðanefndar Hildur Einardóttir á móti okkur með rjúkandi grillið og stafla af pylsum. Sporðrenndu ræðarar þar hverri pylsuni á fætur annarri og skoluðu niður með drykk úr dós eða flösku.

Dálítil gjóla og smá alda var á sjónum við Skógartjörn í upphafi ferðar, en um leið og við vorum komin út úr tjörninni vorum við á sléttum sjó.

Allt gekk vel og skemmtilegt er að segja frá því að Högni 11 ára gamall, sonur Helgu Haraldsdóttur var með í ferðinni og stóð sig með mikilli þrýði.

Á móti okkur réru frá Nauthólsvík, Þorbergur Kjartansson og gestur með honum, sem hann hafði

boðið á sjó þetta kvöld.

Fjórir ræðarar létu duga að róa í Seyluna og fengu far með Hildi yfir að Skógartjörn. Við vorum því átta sem rérum til baka, en Þorbergur og hans gestur réru yfir í Nauthólsvík.

Þeir sem réru voru: Sveinn Axel, Daníel, Egill og Marta, Gísli Karlsson, Jónas, Helga og Högni, Baldur, Ólafía og tveir glænýrir sem ég man ekki hvað heita og svo Þorbergur og gestur hans.

Myndir:

[https://photos.google.com/share/AF1QipPqXeH9OoFJfIct5eNY7uS-lpxGkoa62zNpIT\\_epeFh6XeuZ5yeQSTHK98HFtRxqw/photo/AF1QipNdVTYsIjVhWyvr5PObF1IttiZqT\\_VWoCOx95ru?key=cFNWNmZtM2FkUGl3eUZ0MXk3aXJwcS1weic0TjN3](https://photos.google.com/share/AF1QipPqXeH9OoFJfIct5eNY7uS-lpxGkoa62zNpIT_epeFh6XeuZ5yeQSTHK98HFtRxqw/photo/AF1QipNdVTYsIjVhWyvr5PObF1IttiZqT_VWoCOx95ru?key=cFNWNmZtM2FkUGl3eUZ0MXk3aXJwcS1weic0TjN3)

<b>Snæfellsnes</b>	helgarferð	Hildur	föstud.15-sunnud.17
--------------------	------------	--------	---------------------

Ferðin á Arnarstapa gekk vel, yndislegt veður og fallegt umhverfi.



Dagur 1:

Lagt var á stað samkvæmt áætlun frá höfninni á Arnarstapa klukkan tíu á laugardagsmorgun. Vantaði þó tvo ferðafélaga sem ætluðu að sameinast hópnum í hádegishléi á Hellnum, því reiknað var með að það tæki hópinn langan tíma að fara fyrir björgin á Arnarstapa, þar sem margt er að skoða, eins og alkunna er. En hópurinn fór þetta greitt þar sem það var tveggja metra alda og því margir ekki tilbúnir í einhverja leikfimi við klettavegg í slíkri öldu. Tekið var langt kaffistopp á Hellnum, þar sem Helga sameinaðist hópnum. Flestir héldu áfram í átt að Dagverðará. Fljótlega var ljóst að ekki var landtaka möguleg þar sem frekar bætti í sjólagið og brimið barði ströndina. Því var tekið á það ráð að snúa við og stefnt aftur inn í Hellna höfnina, þar sem Klara bættist í hópinn. Eitthvað var nú sjólag orðið betra og það voru kátir ræðarar sem enduðu í höfninni á Arnarstapa eftir að getað stundað rock-hopping og hellaskoðun, hver eftir sínum smekk og getu.



Dagur 2.

Byrjuðum daginn á því að flytja báta og ræðara að Búðum, því ákveðið var að byrja róðurinn á þeim enda. Sjólag var alveg ágætt þegar farið var á stað klukkan ellefu, en aldan þó þyngdist þegar á leið róðurinn, þó ekki væru hún eins mikil á deginum áður. Eins og getið var í lýsingu ferðarinnar var ljóst að leggirnir gætu orðið langir og landtaka oft erfið, en eftir 15 km róður var auðveld landtaka ekki enn í sjónmáli. Ákveðið var að surfa inn á Hraunlandaríf með öldunni og það var nú ágætisreið. Flestir, nema þeir allra vönustu fóru þetta kútveltandi með sterki öldunni upp í fjöruna. Allir heilir og glaðir eftir þessa reynslu. Fengum okkur nesti kryddað með sandi og síðan hófst aðgerð þar sem freistað var að reyna láta liðið róa í gegnum brimskaflana, sem virtust bara verða stærri og stærri í aðfallinu. Hér getur nú hver sagt sína sögu. Fyrst fóru tveir reyndir út til að taka á móti fólkinu og tveir stóðu upp í mitti í briminu við að reyna að hjálpa ræðurum að fara á réttum tíma á stað. Það virtist nú bolvernlega erfitt, ekki nein regla á þessum blessuðu brimsköflum. Margir fóru þetta nú samt ansi fagmannlega í fyrstu atrennu, aðrir þurftu tvær, en líklegast á undirrituð metið, fór í fjórðu tilraun. Hópurinn virtist nú bara ánægður með þessa reynslu. Sveini Axeli tókst að brjóta bátinn sinn, þar sem hann stóð tvisvar lóðréttur beint upp í loftið, nefið á bátnum líklegast stungist í botninn og síðan reið aldan á hann fyrir ofan mannopið og braut þannig bátinn.

Þessi ferð lifir líklegast lengi í minningu þeirra sem tóku þátt, bauð upp á öldur, rock-hopping og surf, er nokkuð hægt að biðja um það betra?

Í ferðinni voru: Hildur, Sveinn Axel, Eymundur, Erna, Egill, Marta, Lárus, Kolbrún, Helga, Martina, Páll, Guðni Páll, Jónas, Klara, Þóra (sem var bílstjóri þessa helgi, takk fyrir það) og Eyjó (Eyjólfur) frá Stykkishólmi. Einnig nutum við samvista við félagi Örylg, sem var staddur á Arnarstapa í öðrum erindagjörðum en að róa.

Myndir:

[www.dropbox.com/sh/w51u9ygpdfzwxoc/AABZi...oMKgsp9iB7pkboa?dl=0](http://www.dropbox.com/sh/w51u9ygpdfzwxoc/AABZi...oMKgsp9iB7pkboa?dl=0)

[goo.gl/photos/HHJ4FR8ygD3YsvuP8](http://goo.gl/photos/HHJ4FR8ygD3YsvuP8)

<b>Breiðafjörður</b>	helgarferð	Lárus	föstud.5-sunnud.7
----------------------	------------	-------	-------------------



Breiðafjörðurinn skartaði sínu fegursta þegar við ókum niður að sjó i gegnum land Ytri Fagradals, fáni klúbbsins blakti við hún á girðingarstaur við hliðið af veginum til að vísa þeim sem seinna komu veginn.

16 ræðarar lögðu af stað um klukkan 16, reyndir ræðarar í bland við öfluga nýliða sem voru að fara sína fyrstu klúbbferð á þessar slóðir. Róðurinn í Akureyjar gekk vel og ekki leið á löngu þangað til reisuleg húsín í Bæjarey blöstu við, þau Birgir og Lilja ábúendur í Akureyjum tóku á móti hópnum í Steingerði sem er hlaðinn höfn meira en 150 ár gömul og enn í notkun. Okkur var boðið að tjalda heima við hús á sléttu og fínu túni og ekki leið á löngu þar til allar dyr voru galopnar fyrir okkur þar með talið snyrtingin sem er hámark lífsgæðanna í svona ferð þar sem margir ferðast þétt saman.



Þegar tjaldborgin var risinn og allir höfðu snætt og farið í landfötin gengum við um eyna með Lilju sem fræddi okkur um staðhætti og lífið í Akureyjum.



Skömmu eftir miðnætti komu Egill og Marta út úr myrkrinu en þau komust ekki af stað með hópnum, ljósavélin var látin ganga lengi þetta kvöldið til að auðveldara væri fyrir þau að finna rétta eyju og landtökustað.

Dagurinn var tekin snemma enda heiðskýr himinn og fjörðurinn eins og spegill, hópurinn réri í rólegheitum um Slögusund og sá klettinn Slögu í Björgólfsey í fjarska þegar róið var í Arnórseyjar þar sem sérstakar klettamyndanir voru skoðaðar áður en stefnan var tekin yfir Hróteyjaröst á háflóði þannig að straumar voru ekki að hafa áhrif á róðurinn.

Hróteyjar voru hringaðar og land tekið, stórgerðir útselir þrír fylgdu hópnum yfir röstina og dóluðu sér í hæfilegri fjarlægð.



Þaðan var róið áleiðis til baka í Skarðseyjar og þá var heldur meira að gerast í straumum á milli eyjanna en ekkert sem var til trafala.

Í Skarðseyjum var gert hádegishlé áður en haldið var til Akureyja að nýju, farið var norðan við eyjarnar og land tekið í Klofrifur og Höfn.

Þegar í land var komið var fjara og því voru bátarnir tjóðraðir við nýju bryggjuna við Sótaklett á meðan beðið var eftir flóði til að flytja báta í Steingerði.

Eftir 22 km róður bauð Ellen hópnum uppá yoga teygjur sem var mjög gott og ætti að vera föst regla í klúbbferðum. Klara og Kolla drógu marga með sér í sjósund sem var ansi hressandi og gott að skola sig eftir heitan dag.

Kvöldið leið svo með hefðbundnu sameiginlegri eldamennsku og grilli í Steingerði, einhverjir söknuðu húslestrar að hætti Reynis en til þess þurfum við að hafa Reyni með í ferðum. Þegar aðeins fór að kula bauð Lilja hópnum til stofu þar sem hluti hópsins spjallað meðan aðrir sátu við tjöldin.

Sunnudagsmorgun var nýttur til afslöppunar, sjósunds og skoðunar til lands í heiðskýru og frábæru veðri. Eftir hádegi kvöddum við þau Birgi og Lilju sem með gestrisni sinni gerðu ferðina stórkostlega, það er ekki endilega sjálfsagt mál að fá 18 ókunnar manneskjur inná gafl til sín.

Á leið til lands var farið í land í Hrapsey þaðan sem gott útsýni var yfir eyjarnar á aðra hönd og Skarðströndina á hina, áður en róið var yfir til Fagradals þar sem bílarnir biðu okkar.

Af öllum þeim klúbbferðum sem ég hef farið um Breiðafjörð held ég að veðrið hafi aldrei verið okkur eins hagstætt sem gerði þessa ferð alveg frábæra en allar hafa þessar ferðir verið stórkostlegar. Ég vil þakka eigendum Skarðseyja og Hróteyja þeim Steingrími á Fossi og Sigurði og Erlu í Innri Fagradal velviljann þegar þegar ég fór þess á leit að fara um eyjarnar, Höllu í Ytri Fagradal fyrir að leyfa umferð og bílageymslu í sinu landi ásamt því að fara um hennar hluta Akureyja. Þeim Gísla og Gunnari Inga þakka ég fyrir að taka því vel að vera skipaðir hjálparmenn í róðrinum og öllum þeim öðrum sem tóku þátt í ferðinni fyrir að skapa frábæra stemmingu og góðan hóp sem vann vel saman.

Þessir réru:


Perla, Sveinn Axel, Hildur, Jónas, Gunnar Ingi, Haukur, Gísli, Sveinn Muller, Ólafía, Eyjólfur, Egill, Marta, Maggi, Ellen, Klara, Kolla, Þorsteinn, Lárus

Myndir:

<https://photos.google.com/share/AF1QipOF6FajsFKeEYnsCqYCwgbqKFREKvajqL7miP0-b03jaJQUzHRGmSl1rz5id5Q6w?key=SzhBSWEya1ltcUVMX3BtbHJ5dWZpM3BydmlpSHd3goo.gl/photos/fUfo2CBjkm7yFMZUA>  
[goo.gl/photos/EXTgtHqLKpbASnhAA](https://photos.google.com/share/AF1QipOF6FajsFKeEYnsCqYCwgbqKFREKvajqL7miP0-b03jaJQUzHRGmSl1rz5id5Q6w?key=SzhBSWEya1ltcUVMX3BtbHJ5dWZpM3BydmlpSHd3goo.gl/photos/EXTgtHqLKpbASnhAA)  
[goo.gl/photos/hdm9rDsHduL4gcwk8](https://photos.google.com/share/AF1QipOF6FajsFKeEYnsCqYCwgbqKFREKvajqL7miP0-b03jaJQUzHRGmSl1rz5id5Q6w?key=SzhBSWEya1ltcUVMX3BtbHJ5dWZpM3BydmlpSHd3goo.gl/photos/hdm9rDsHduL4gcwk8)

Lárus

<b>Eyjahopp á sundunum</b>	dagsferð	Perla	sunnud. 28
----------------------------	----------	-------	------------



Það voru 10 vaskir ræðarar sem mættu í höfuðstöðvarnar við Geldingarnes kl. 10. Róið var suður fyrir Viðey og þaðan norður fyrir Engey sem var hringuð áður en áð var í eygni. Í Engey tók Rita ein á móti hópnum og lét hún þrammandi sæfara ekki hafa áhrif á sig og lá hin rólegasta. Eftir nestisát fengu sumir sér kriu meðan hluti hópsins gekk um eyjuna til að skoða gamlar rústir þar sem Örlygur miðlaði af visku sinni um sögu eyjanna tveggja.

Þaðan var róið yfir í Akurey og hún hringuð. Mjög stutt stopp var tekið í eyjunni áður en róið var yfir í Gróttu sem var endastöð að þessu sinni.

Veðurguðirnir brostu sínu blíðasta og fengum við spegilsléttan sjó alveg út í Akurey. Síðasta spölinn að Gróttu var hins vegar aðeins farið að bæta í öldurnar en ekkert alvarlegt þó og skiluðu allir sér í land eða eins og segir í laginu „allir komu þeir aftur og engin þeirra dó“!

Þessir réru ásamt undirrituðum: Sveinn Axel (róðartjóri), Hildur, Örlygur, Sveinn Muller, Ólafía, Helga, Þormar, Unnur, Perla og Kristinn.

Perla.